

Skapandi sumarstörf 2015 í Kópavogi – verkefni

„Yrurari og Gógó rokka“

Textíl – og myndlistartvíeykið Hallveig Kristín Eiríksdóttir og Yr Jóhannsdóttir munu gera listræna gjörninga í Kópavogi. Þar munu þær tvinna saman textíl og myndlist en markmið þeirra er að halda viðburði þar sem hvor miðill um sig fær að njóta sín í óhefðbundnum rýmum í Kópavogi. Yr Jóhannsdóttir hefur starfað áður hjá Skapandi sumarstörfum en óvenjulegar peysur hennar vöktu mikla athygli síðastliðið sumar, sjá: http://www.mbl.is/monitor/frettir/2014/06/21/prjonar_gubbupeysur/ og hér: <http://feministfiberart.com/?route=%2F>

Hallveig er lærður sviðsmyndahönnuður og hefur tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum á Íslandi: <http://www.dv.is/folk/2015/2/7/syna-fraegasta-sturtuatridi-sogunnar-i-sundhollinni/> og <http://www.spindrifftheatre.com/carroll-berserkur/>

Hægt er að fylgjast með „Yr og Gógó rokka“ hér: <http://rokkogrokk.tumblr.com/>

„Leikskólafarar“

Sonja Nikulásdóttir og Linda Margrét Gunnarsdóttir vinna að bók um leikskóla í Kópavogi. Þar munu þær skoða sérstakalega skapandi starf barna á leikskólum í Kópavogi. Í bókinni verða verk eftir börnin til sýnis, viðtöl við börnin sem og starfsmenn leikskólanna. Sonja og Linda standa fyrir metnaðarfullu bloggi þar sem þær skrásetja niðurstöður sínar og verkefni hvers dags. Hægt er að fylgjast með þeim hér: <http://leikskolafarar.wix.com/leikskolafarar>

„Kítlitromp“

Jón Ásgeir Karlsson mundar kvikmyndavélina innan Skapandi sumarstarfa. Í sumar vinnur hann að gerð stuttmyndarinnar *Kítlitromp*, en hún hverfist um ungt barn sem finnur myndavél á heimili sínu og skrásetur þær aðstæður sem þar er að finna. Myndin verður sýnd á Stuttmyndahátíð Molans, Gullmolanum, í lok sumars.

„Saumaría“

Fatahönnuðurinn María Árnadóttir vinnur að eigin fatalínu í sumar. Fatalínan er tjáning á upplifun hönnuðar á umhverfi og náttúru Kópavogs en þar vinnur hún bæði með prentað efni og hefðbundið. Fatalína Maríu verður til sýnis á lokasýningu

Skapandi sumarstarfa þann 22. júlí. Hægt er að fylgjast með Maríu hér:

<http://saumaria.tumblr.com/>

„Kópavogsbúinn“

Rithöfundurinn María Árnadóttir vinnur að rannsókn á hinum eiginlega Kópavogsbúa. Hvaða fólk er það sem deilir póstnúmerinu 200-203. Niðurstöður sínar mun Harpa síðan birta í listaverkaröðum sem verða til sýnis víðsvegar um Kópavogsbæ, til að mynda í Hamraborg, sundlaugum í Kópavogi og kannski, vertu þó ekki of viss, í nágrenni við þig.

„Vísur frá Vatnsenda“

Söngkonan Halldóra Ósk Helgadóttir og píanóleikarinn Baldvin Snær Hlynsson eru sérlegir unnendur íslenskra dægurperla. Í sumar munu þau skemmta Kópavogsbúum með ljúfum tónum til dæmis á Gjábakka og Sunnuhlíð en einnig í formi hádegistónleika á Tónlistarsafns Íslands sem og víðar.

„Ofsaverk“

Myndlistarkonan Valgerður Ýr Magnúsdóttir lætur ekki fjarveru sólarinnar buga sig heldur boðar mikinn ofsa. „Haldið ykkur úti! *Ofsaverk* gengur yfir Kópavog sumarið 2015 með tilheyrandi málverkum, skúlpúrum og gjörningum. Mælst er til þess að fólk hafi augun opin fyrir myndlist sem verður til sýnis á óhefðbundnum stöðum um allan bæ“ – Valgerður apríl 2015.

„Dirb“

Tónlistarmaðurinn Ingvi Rafn Björgvinsson vinnur með Skapandi sumarstörfum. Í sumar ætlar hann að rannsaka áhrif tónlistar á einstaklinga en hann mun bjóða upp á vikulegar tónlistarsmiðjur á leikskólanum Kópasteini og dagvistunarheimilinu Roðasölum. Hægt er að fylgjast með tónlist Ingva Rafns hér:

<https://soundcloud.com/ingvirb>

„Músíkmynd“

Gunnlaugur Björnsson gítarleikari og Steinar Már Unnarsson kvikmyndagerðarmaður vinna með samband tónlistar og kvikmynda í verkefninu Músíkmynd. Þeir munu gera myndbönd með það að markmiði að ýta undir tilfinninguna sem tónlistin vekur.

Myndefni þeirra kemur úr Kópavogi en tónlistin er samin af Gunnlaugi sem kláraði allt sitt grunn tónlistarnám í Tónlistarskóla Kópavogs.

„Að tónlistarvæða Kópavog“

Tónlistarmaðurinn Oddur Ingi Kristjánsson hefur áhuga á að fanga augnablikið, eða réttara sagt hljóðmynd augnabliksins. Í sumar tekur hann upp hljóð á ýmsum stöðum í Kópavogi og vinnur síðan að tónlistarverkum þar sem ólík hljóð úr umhverfinu koma saman. Oddur Ingi kemur fram undir listamannsnafninu Sven Moller en hann mun halda tónlistarviðburði víða í Kópavogi í sumar. Fyrst föstudaginn 12. júní í Sundlaug Kópavogs klukkan 12. Hægt er að fylgjast með Oddi Inga hér:

<https://www.facebook.com/ListakallinnSven?fref=ts>

„Gón“

Arnar Geir Gústafsson og Birnir Jón Sigurðsson rannsaka hina ólíku kima mannlegssamfélags í sumar. Þeir hvetja til aukinnar meðvitundar um þá hluti daglegs lífs sem jafnan eru taldir sjálfsagðir. Í þeirri tilraun munu þeir skrásetja upplifun sína af því að hafa takmarkaða heyrn í tvo sólarhringa, að vera úti í tvo sólarhringa, að vera peningalaus í viku, að upplifa þrjá daga án tjáskipta og að sitja saman í þögn, en síðastnefnda tilraunin verður gerð 17. júní Frá 22. júní -29. júní boða þeir til

„Netlausrar viku“ sjá: <https://www.facebook.com/events/1619855101634640/>